



Miðvikudagur 3. nóvember 2021.

## Stjórnarfundur í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur.

### 17. fundur

Mættir: Sveinbjörn Guðjohnsen (SG), Ásgrímur Jörundsson (JÁ), Finnur Kristinsson (FK), Kolbrún Kristín Birgisdóttir (KKB) og Erla Guðmundsdóttir (EG).

1. Fundur með borgarstjóra. Komið fundarboð. 8. Nóvember kl. 15.00 í Borgartúni. Sigurbjörn lögfræðingur ætlar að koma með okkur á fundinn. Öll stjórnin ætlar að mæta. Ekki samningafundur, meira til að koma málunum í gang og okkar málum á framfæri. FK er búinn að rita greinargerð, sem lögð verður fram, ásamt viðhengjum, s.s. fjallskilaseðli og yfirlit yfir sögu Fjárborgar eftir Ólaf Dýrmundsson. Niðurstöður vatnsrannsóknar, lóðaskiptayfirlýsing ofl.
2. Félagaskilda eða ekki. Komið álit frá Sigurbirni. Lög FR gilda, á meðan svæðið er okkar. Vilji menn ekki vera í félaginu sem eigendur húsa. Geta þeir farið annað. Á sama hátt geta menn eðli málsins samkvæmt ekki setið áfram í stjórn, séu þeir ekki í félaginu.
3. Fundur með Hjalta hjá Reykjavíkurborg. Kom fram hjá honum að hann sé ánægður með samstarf við okkur. Hafði fengið bréfið og var sáttur með það. Þeir eru til í að aðstoða okkur ef ruSl er komið út fyrir lóðir. Erla hafði farið um svæðið með Birni Júlíussyni sem sér um útmörkina. Hafði séð graðhestagriðingar utan við Fjárborgina og eins grifju fyrir sláturúrgang og var ekki ánægður. Búið að tala við eiganda sláturholunnar og ætlar hann að laga þetta.
4. Mjóadalstúnið. Tiltekt tókst vel og er nót eftir að gera. Gámar fara á næstu dögum. Hringrás mun taka gámana og þarf eitthvert okkar að vera á staðnum þegar þetta gerist.
5. Baðhús sem fundaraðstaða. Samþykkt að lána Almannadalsfélaginu Baðhúsið undir fund í næstu viku.
6. A24. Stóðhestar komnir aftur og þarf að benda Mast á málið. KKB og EG til í að tilkynna þetta. Einnig þarf að tala við Kristinn, eiganda hússins, láta hann vita og að við séum ekki sátt með leigjandann.
7. Trillan. Einar nokkur er síðasti skráður eigandi bátsins, frændi þess sem bjó á Hvammstanga. Óskaði eftir 10 daga fresti til að fjarlægja bátinn og var það samþykkt.
8. Pure Nordic eru hættir að senda gáma eftir plasti. Hefur ekki reynst nógu vel. Terra er mögulega til í þetta, en það mun alltaf kosta nokkuð. Frestum málinu og skoðum síðar.
9. Langavatnstúnið. EG óskar eftir að fá afrit af samningi. SG mun senda á EG.
10. Lýsing. Veitur ætla að skoða lýsinguna á svæðinu og einnig ljóskastara við gerði. Þá kemur í ljós hvort þeir séu á okkar vegum eða Veitna. Þarf að skoða hvort kastari við hringgerðið sunnan við Baðhúsið sé tengdur við töfluna í Baðhúsinu. KKB var í sambandi við Jón Arnar hjá On.
11. Réttin. Ekkert að fréttu. Málið enn í vinnslu hjá Kópavogsbæ. Átti að fara í grenndarkynningu eftir fund, fyrir rúmum 2 vikum. Tekur væntanlega minnst 2-3 vikur.
12. Ákveðið að taka fyrir lagagreinar 5 og 6 á næsta fundi.



Listi yfir mál á borðum stjórnar sem eru í vinnslu eða í biðstöðu:

Fundur með borgarstjóra

Leigusamningur

Framkvæmdir á svæði Fjárborgar

Tiltekt og hreinsunarátak

Beitarhólf norðan fjárborgar, girða af og græða upp, nýting

„Jens Péturs tún/Mjóadalstún“ nýting og hreinsun

Ný Fossvallarétt á Mosum

Vegagerð og SSH – girðingar

Sauðafell

Lagabreytingar

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 10. nóvember kl. 18.30

Fundarritari Finnur Kristinsson.